



## *Samþykktir*

*Samþykktar á ársfundi sjóðsins 4. maí 2016*

# A. Sameiginleg ákvæði

## I. Kafli

### Hlutverk, skipulag og stjórn sjóðsins

#### 1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Stapi, lífeyrissjóður  
Heimili hans og varnarþing er á Akureyri.

#### 2. Hlutverk sjóðsins og deildaskipting

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktá þessara.
- 2.2. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tryggingadeild og séreignardeild. Halda skal fjárhag deildanna aðskildum. Rekstrarkostnaði sjóðsins skal skipt milli deilda í hlutfalli við umfang hvernar deildar samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur. Séreignardeild getur boðið upp á eina eða fleiri sparnaðarleiðir. Rekstrarkostnaði skal skipt milli sparnaðarleiða í samræmi við umfang hvernar leiðar samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.
- 2.3 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr.129/1997 og gildandi kjarasamninga á hverjum tíma, eftir því sem við á. Markmið Tryggingadeildar er að veita sjóðfélögum að lágmarki þá trygginavernd sem tilgreind er í III. kafla laga nr. 129/1997.
- 2.4 Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á eftirlaunatryggingar og áskilur sér heimild til að verja og efla þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktá þessara.

#### 3. Aðildarfélag, fulltrúaráð og ársfundur.

- 3.1 Aðildarfélag sjóðsins geta verið stéttarfélag, starfsmannafélag og samtök launagreiðenda.
- 3.2 Neðangreind stéttarfélag og starfsmannafélag eru aðildarfélag sjóðsins fyrir hönd launamanna:

AFL, Starfsgreinafélag  
Aldan, stéttarfélag  
Eining-löja, Eyjafirði  
Byggið, félag byggingamanna  
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri  
Framsýn, stéttarfélag  
Iðnsveinafélag Skagafjarðar  
Stéttarfélagið Samstaða  
Verkalýðsfélag Þórshafnar  
Verslunarmannafélag Skagfirðinga  
Þingið, félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslu

- 3.3 Neðangreind samtök launagreiðenda eru aðilar að sjóðnum fyrir hönd launagreiðenda:

Samtök atvinnulífsins

- 3.4 Umsókn stéttarfélags, starfsmannafélags, eða samtaka launagreiðenda um aðild að sjóðnum skal vera skrifleg og skal sjóðstjórn svara aðildarumsókn skriflega innan 3ja mánaða frá því að hún barst sjóðnum. Úrsögn aðildarfélags úr sjóðnum skal á sama hátt vera skrifleg og skal hún tilkynnt með minnst 6 mánaða fyrirvara. Innganga eða úrsögn aðildarfélags skal samþykkt af stjórn sjóðsins.
- 3.5 Allir þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjöld til sjóðsins teljast sjóðfélagar. Sama gildir um þá sem njóta eftirlauna og örorkulífeyris frá sjóðnum.
- 3.6 Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum launamanna og atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum. Fulltrúar launamanna skulu þannig valdir að hvert aðildarfélag launamanna að lífeyrissjóðnum samkvæmt grein 3.2 kýs úr sínum hópi 1 fulltrúa fyrir allt að 200 félagsmenn og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn umfram það, eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur einu hundraði eða meira. Fulltrúar atvinnurekenda skulu þannig valdir að 50 stærstu atvinnufyrirtæki og stofnanir með atvinnu- eða þjónustustarfsemi, með tilliti til iðgjaldagreiðslna af eigin starfsmönnum til sjóðsins á næstliðnu reikningsári, tilnefna einn fulltrúa hver. Heimilt er að telja fyrirtæki sem gera samstæðuuppgjör sem einn aðila m.t.t. þessarar greinar. Samtök launagreiðenda, sem aðild eiga að sjóðnum skv. grein 3.3, skulu tilnefna þá fulltrúa, sem á vantar jafna tölu fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í fulltrúaráðinu, í hlutfalli við iðgjöld aðildarfyrirtækja/stofnana sinna. Tilkynna skal um tilnefningu í fulltrúaráð minnst 14 dögum fyrir lok yfirstandandi skipunartímabils og öðlast tilnefning gildi við upphaf ársfundar og gildir fram að næsta ársfundi. Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð eins annars fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins.
- 3.7 Í atkvæðagreiðslum, sem fara fram á ársfundi, eða aukafundum fulltrúaráðs, skulu fulltrúar launamanna og atvinnurekenda fara með helming atkvæða, hvorir um sig, án tillits til fjölda fulltrúa á fundi. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða nema öðru vísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar atvinnurekenda og launamanna greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmat.
- 3.8 Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í samþykktum þessum. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.
- 3.9 Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar þegar þurfa þykir. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar ef

aðildarfélag sjóðsins krefst þess skriflega og tilgreinir fundarefni. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

3.10 Á ársfundi skal taka fyrir:

3.10.1 Skýrslu stjórnar

3.10.2 Kynningu og afgreiðslu á ársreikningum og tryggingafræðilegri úttekt

3.10.3 Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

3.10.4 Stjórnarkjör skv. 4. grein. Fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði skulu kjósa aðal- og varamenn í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um kjör stjórnar Samtaka atvinnulífsins á aðal- og varamönnum í stjórn. Gert skal hlé á fundi meðan kosning skv. þessum lið fer fram.

3.10.5 Kosningu löggilts endurskoðanda, eða endurskoðunarskrifstofu. Einfaldur meirihluti atkvæða í fulltrúaráði ræður niðurstöðu. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

3.10.6 Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 10. greinar.

3.10.7 Tillögu um laun stjórnarmanna.

3.10.8 Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

#### **4. Stjórn.**

4.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af launamönnum og fjórir af vinnuveitendum. Kosning fulltrúa launamanna fer fram á ársfundi sjóðsins. Kosning fulltrúa vinnuveitenda fer fram skv. ákvörðun aðildarfélaga sjóðsins skv. grein 3.3. Átta varamenn skulu kosnir með sama hætti.

4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár og skal kjósa helming stjórnar á hverju ári, tvo fulltrúa launamanna og tvo fulltrúa vinnuveitenda Varamenn skulu kosnir með sama hætti. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.

4.3 Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu 5 árum hafa, í tengslum við atvinnurekstur, fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði. Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægjanlegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt

4.4 Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og launamanna hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meiri hluti

stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.

- 4.5 Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins mótar innra eftirlit sjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.
- 4.5.1 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að öðru leyti eftir grein 4.3. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka á grundvelli sérstakrar ákvörðunar stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund skal haft samráð við formann og varaformann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund
- 4.5.2 Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.6 Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn, og að fengnu samþykki hennar.
- 4.6.1 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 4.6.2 Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðanda allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.7 Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnarsýslulaga. Skylt er þeim sem í hlut á að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu.
- 4.7.1 Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða

öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eftir eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi eða horfið úr stjórn

## II. Kafli

### Fjármál

#### 5. Reikningar og endurskoðun.

5.1 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu gerðir í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

#### 6. Ávöxtun fjár sjóðsins.

6.1 Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

6.2. Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingarstefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávíkjanlegum ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla laga nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma og gildir það um allar deildir sjóðsins.

6.3 Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaflokkum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins kynna fjárfestingarstefnuna, sbr. grein 3.10.3. Mismunandi deildir sjóðsins geta haft mismunandi fjárfestingastefnu.

6.4 Rekstur deilda sjóðsins skal vera fjárhagslega aðskilinn. Sameiginlegum kostnaði skal skipt milli deilda með eðlilegum og ótvíræðum hætti, í hlutfalli við umfang hvernar deildar, samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

6.5 Heimilt er að bjóða upp á mismunandi verðbréfasöfn innan deilda sjóðsins, sem hafa mismunandi fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefna og eignasamsetning einstakra verðbréfasafna skal þó ávallt vera innan þeirra marka sem fjárfestingarstefna, samþykktir sjóðsins og lög nr. 129/1997 heimila.

6.6 Heimilt er sjóðnum, að eiga fasteignir undir skrifstofur sínar.

### III. Kafli

#### Framsali, eftirlit og gerðardómur

#### 7. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

7.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

#### 8. Málsmeðferð og gerðardómur.

8.1 Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Stapa lífeyrissjóði og oddamanni tilnefndum af Héraðsdómi Norðurlands eystra. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Gerðardómurinn skal hafa lokið við að leggja dóm innan eins mánaðar frá því að öll gögn eru fram komin í máli. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

#### 9. Eftirlit.

9.1 Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og lög nr. 87/1998.

### IV. Kafli

#### Breytingar á samþykktum, slit og samruni

#### 10. Breytingar á samþykktum.

10.1. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur vikum fyrir ársfund. Stjórn sjóðsins skal minnst tveimur vikum fyrir ársfund senda aðildarfélögum sjóðsins tillögur um breytingar á samþykktum til kynningar. Ennfremur skal birta tillögurnar á heimasíðu sjóðsins minnst tveimur vikum fyrir ársfund. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum skv. lögum nr. 129/1997 eða samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.

10.2 Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum þessum án þess að bera þær undir ársfund, ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga

eða reglugerð. Stjórn er einnig heimilt að breyta ákvæðum 6. greinar um fjárfestingarheimildir sjóðsins ef breytingar verða á 36. grein laga nr. 129/1997. Breytingar sem gerðar eru með heimild í þessari grein skulu kynntar formlega á næsta ársfundi sjóðsins.

- 10.3. Breytingar á samþykktum þessum taka því aðeins gildi að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

## **11. Sameining við annan sjóð, samningar um tryggingavernd og rekstur**

- 11.1 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna viðkomandi lífeyrissjóða. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga annars sjóðs. Samrunasamningur milli sjóðsins og annarra lífeyrissjóða, skal hljóta samþykki árs- eða aukafundar með sama hætti og breytingar á samþykktum sjóðsins.

- 11.2 Stjórn sjóðsins er heimilt að selja öðrum sjóðum tryggingavernd og hafa samstarf við aðra sjóði um einstaka þætti tryggingaverndar.

- 11.3 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um að sjóðurinn sjái um rekstur þeirra, sjóðirnir hafi sameiginlegt skrifstofuhald eða hafi samstarf um rekstur og ávöxtun fjármuna. Við gerð slíkra samninga skal þess gætt að rekstrarkostnaði sé skipt með eðlilegum og ótvíræðum hætti milli aðila og í samræmi við samkomulag stjórna viðkomandi sjóða. Sama á við um skiptingu á ávinningi eða tapi ef um samstarf um ávöxtun fjármuna er að ræða.

## **12. Slit á sjóðnum**

- 12.1 Við ákvörðun um slit á sjóðnum þarf 75% atkvæða í báðum hlutum fulltrúaráðs á árs- eða aukafundi sjóðsins. Að öðru leyti fer um slit sjóðsins skv. X. kafla laga nr. 129/1997.

## **13. Gildistaka**

- 13.1 Samþykktir þessar gilda frá fenginni staðfestingu fjármálaráðuneytisins.



## B. Tryggingadeild

### V. Kafli

#### Hlutverk, aðild og sjóðfélagar

#### 14. Hlutverk

14.1 Markmið Tryggingadeildar sjóðsins er að veita lágmarkstryggingavernd í samræmi við ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og kjarasamninga, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þessum.

#### 15. Aðild og sjóðfélagar

15.1 Sjóðfélagar í tryggingadeild sjóðsins skulu vera, allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og starfa í starfsgrein þar sem kjarasamningar aðildarféлага sjóðsins skv. greinum 3.2 og 3.3 ákvarða lágmarkskjör, sbr. ákvæði 2. gr. laga nr. 129/1997.

15.2 Heimilt er launamanni að gerast sjóðfélagi, enda þótt hann starfi ekki í starfsgrein þar sem kjarasamningar aðildarféлага sjóðsins ákvarða lágmarkskjör, enda sé honum ekki skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.

15.3 Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í tryggingadeild sjóðsins. Þá er atvinnurekanda á starfssvæði sjóðsins, heimilt að gerast sjóðfélagi. Í sambandi við biðtímaákvæði 19-21. gr. skal réttindatími manns, er notar sér heimildarákvæði þessarar málsgreinar til að gerast sjóðfélagi, reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni. Sama á við um þá einstaklinga, sem starfa á starfssviði, sem kjarasamningur tekur ekki til eða ráðningarbundin starfskjör eru ekki að neinu leyti byggð á kjarasamningum, en óska eigi að síður eftir aðild að tryggingadeild sjóðsins.

15.4 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita aðild að sjóðnum einstaklingum og sjálfstætt starfandi atvinnurekendum, er ekki ber skylda til þátttöku í neinum ákveðnum lífeyrissjóði. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launamanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

15.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita íslenskum launamönnum sem starfa erlendis, s.s. sjómönnum sem starfa á skipum skráðum erlendis, aðild að sjóðnum, enda komi þá réttindi aðeins fyrir þau iðgjöld sem sjóðnum berast þeirra vegna.

15.6 Launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar sem gerast aðilar að sjóðnum á grundvelli ákvæða 15.2-15.5 skulu greiða lágmarksiðgjald til sjóðsins í samræmi við ákvæði gr. 16.1.-16.3

## VI. Kafli

### Iðgjöld og grundvöllur lífeyrisréttinda

#### 16. Iðgjöld.

- 16.1 Iðgjald til tryggingadeildar lífeyrissjóðsins skal vera skv. kjara- eða ráðningarsamningi, ekki lægra en 12% af launum sjóðfélaga 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 16.2. eða 16.3., og mynda þau rétt til tryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykka sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka iðgjald til tryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um, umfram ofangreint lágmark enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins.
- 16.2 Lágmarksiðgjald samkvæmt 16.1 skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1.tl. A-liðar 7.gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnaði, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrk, dagpeninga og fæðispeninga. Ennfremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna og bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.
- 16.3 Iðgjaldastofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2.mgr. 1.tölul. A-liðar 7.gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58.gr. þeirra laga.
- 16.4 Launagreiðanda ber að halda eftir að lágmarki 4% iðgjöldum, sbr. 16.1, af launum starfsmanna sinna og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldþagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti frá gjalddaga að telja skv. lögum nr. 38/2001. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar hafa látið af störfum. Launagreiðendur og sjálfstæðir atvinnurekendur skulu senda skilagrein með iðgjaldinu þar sem m.a. koma fram iðgjaldshlutföll og iðgjöld hvers aðila samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningi ásamt því iðgjaldshlutfalli og iðgjaldi sem skal renna til samtryggingar. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út reglur um form skilagreinarinnar.
- 16.5 Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

- 16.6 Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 16.7 og 16.9. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldprot, og Ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á skv. 10. gr. laga nr. 88/2003.
- 16.7 Tvisvar á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski þeir eftir því. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, gera sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.
- 16.8 Senda skal lokaaðvörun til launagreiðenda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaaðvörunar eða fyrr sé rökstudd ástæða til að ætla að iðgjaldskrafa sé ótrygg.
- 16.9 Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.
- 16.10 Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.
- 16.11 Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið, að iðgjöld samkvæmt 16.1 skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans, sbr. 20.6. Þessari skiptingu skal hætt að ósk

sjóðfélaga, enda framvísi hann skilríkjum um að fjárfélagi hans og maka hans hafi verið slitið eða aðilar gert með sér nýtt samkomulag.

- 16.12 Framlagi hvers árs til jöfnunar örorkubyrði sbr. 18.gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, skal ráðstafa í samræmi við ákvæði 19. greinar reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og skapar réttindi með sama hætti og hefðbundið iðgjald.

## **17. Grundvöllur lífeyrisréttinda.**

- 17.1 Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni, auk ávöxtunar á eignum hans. Árlegu iðgjaldi sjóðfélaga, að frádregnum kostnaðarhluta, er skipt í söfnunarpátt og tryggingapátt. Lögbundið framlag til starfsendurhæfingarsjóða telst kostnaðar í þessu sambandi. Söfnunarpátturinn myndar réttindi sjóðfélagans til eftirlauna skv. 18. grein, en tryggingapátturinn rétt hans til áfallatrygginga skv. greinum 19-21 auk réttinda skv. gr. 17.5-17.7. Áfallatryggingar skiptast í örorku-, maka- og barnalífeyri. Skipting iðgjaldsins milli söfnunarpáttar og tryggingapáttar er háð aldri sjóðfélaga og fer eftir töflu I í viðauka A. Söfnunarpáttur iðgjalds myndar réttindasjóð, sem ávaxtast í samræmi við eignavísitölu sjóðsins skv. grein 17.3. Réttindasjóður hvers sjóðfélaga er ekki séreign, heldur reiknaður hluti af þeim eignum sem sameiginlega tryggja eftirlaun sjóðfélaga. Réttindasjóður erfist ekki við fráfall. Falli sjóðfélagi frá áður en taka eftirlauna hefst rennur réttindasjóður hans til aukningar á réttindasjóðum annarra sjóðfélaga sbr. ákvæði gr. 17.2. Við töku eftirlauna er réttindasjóði breytt í mánaðarleg eftirlaun í samræmi við töflu II í viðauka A.

- 17.2 Um ráðstöfun á iðgjaldi sjóðfélaga innan ársins og breyting á réttindasjóði fer sem hér segir:

- a) + Iðgjald greitt til sjóðsins skv. 16.gr.
- b) + Jöfnunariðgjald ef réttur til jafnarar ávinnslu skv. gr. 17.5 er fyrir hendi
- c) - Framlag í starfsendurhæfingarsjóð
- d) - Iðgjald til tryggingaverndar
  - = Iðgjald til uppsöfnunar
- e) +/- Ávöxtun á eignum sjóðsins skv. vísitölu skv. gr. 17.3
- f) + Hlutdeild í réttindasjóði látinna sjóðfélaga
- g) +/- Breytingar vegna tryggingafræðilegs uppgjörs
  - = Breyting á réttindasjóði á árinu
  - + réttindasjóður í ársbyrjun
  - = réttindasjóður í árslok

Breytingar vegna tryggingafræðilegs uppgjörs vísa hér til breytinga sem gerðar eru í samræmi við ákvæði greinar 26.3. Að öðru leyti eru lífeyrisréttindi sjóðfélaga reiknuð í samræmi við réttindaákvæði 18-20. gr.

- 17.3 Reikna skal út sérstaka eignavísitölu sem mælir hreina ávöxtun á eignum sjóðsins á hverjum tíma. Vísitöluna skal reikna út mánaðarlega. Reikna skal út vísitöluna miðað við gangvirði eigna. Vísitalan er sett á 100 1. janúar 2016.

- 17.4 Við innborgun skal söfnunarpáttur iðgjalds leggjast við réttindasjóð viðkomandi sjóðfélaga og breytast í samræmi við eignavísitölu skv. 17.3 frá þeim mánuði sem iðgjaldið fellur í gjalddaga.
- 17.5. Sjóðfélagi sem fengið hefur úthlutað skilgreindu viðmiðunariðgjaldi samkvæmt gildandi samþykktum Stapa lífeyrissjóðs eins og þær voru 16.05.2013 öðlast rétt til jöfnunariðgjalds til viðbótar við það iðgjald sem hann greiðir til sjóðsins upp að því hámarki sem jöfn ávinnsla hefði gefið. Jöfnunariðgjald er hlutfall af því iðgjaldi sem sjóðfélagi greiðir til sjóðsins, miðað við 10% af iðgjaldastofni eða af viðmiðunariðgjaldi eftir því hvort lægra er samkvæmt töflu V í viðauka A. Til réttindasjóðs rennur sama hlutfall jöfnunariðgjalds og tilgreint er í töflu I í viðauka A og ávaxtast með sama hætti og önnur iðgjöld í réttindasjóði og gefur sama rétt.
- Þegar öll iðgjöld ársins hafa borist vegna sjóðfélaga sem á skilgreint viðmiðunariðgjald skal skipta jöfnunariðgjaldi hans á einstaka mánuði í sömu hlutföllum og þeim iðgjöldum sem hafa borist.
- 17.6 Við framreikning réttinda skv. ákvæðum 19.-20. gr. skal reikna með jafnri ávinnslu í samræmi við hlutdeild jöfnunariðgjalds sjóðfélagans af þeim iðgjöldum sem lögð eru til grundvallar framreikningi. Í framreikningi skal viðmiðunariðgjald sjóðfélaga miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hún er í viðmiðunarmánuði framreiknings.
- 17.7 Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samkomulag við aðra lífeyrissjóði sem hafa miðað við jafna réttindaávinnslu á árinu 2003 um gagnkvæma viðurkenningu iðgjaldsgreiðslna til útreiknings viðmiðunariðgjalds skv. framanskráðu. Þá er sjóðunum heimilt að halda samræmda tölvuskra um rétt manna til jafnrar ávinnslu og kveða á um það, hvernig sá réttur deilist niður, sé iðgjald greitt til fleiri sjóða.
- 17.8 Áunnin réttindi eins og þau eru skilgreind í 18.-21. gr. og reiknuð samkvæmt greinum 17.1-17.7 skulu varðveitt í samræmi við gildandi reglur hverju sinni, þannig að lífeyrisgreiðslur verði samkvæmt uppsöfnuðum réttindum hvers tímabils, að teknu tilliti til breytinga vegna tryggingafræðilegrar stöðu. Framreikningur skal hverju sinni vera samkvæmt þeim reglum sem gilda þegar réttur til lífeyris varð virkur. Samtala lífeyrisréttinda er summa áunninna lífeyrisréttinda og framreiknaðra lífeyrisréttinda, ef slík réttindi hafa verið úrskurðuð. Framreiknuð lífeyrisréttindi teljast ekki með áunnum lífeyrisréttindum nema að því marki sem þau hafa fallið til frá úrskurði framreiknings sbr. gr. 19.13 og 20.5.a og minnar framreiknaði hlutinn þá sem því nemur. Þegar stjórn sjóðsins ákveður aukningu réttinda skulu þau vera greind frá öðrum réttindum. Réttindaaukning er ekki tekin með í framreikningi en hún reiknast að fullu í áunnum réttindum. Komi til skerðingar á áunnum réttindum sjóðfélaga skal fara með réttindaskerðinguna á sama hátt og réttindaaukningu nema skerðingin kemur til frádráttar áunnum réttindum. Breyting réttinda skv. framanskráðu skal færð í réttindabókhald sjóðsins miðað við síðasta mánuð þess tímabils sem tryggingafræðileg úttekt skv. VIII.kafli samþykta þessara tekur til, þannig að hækkun eða lækkun lífeyrisgreiðslna taki gildi frá og með næsta mánuði frá ársfundi, nema ársfundur ákveði að hún taki gildi síðar.

Réttindabreytingar koma fram í viðauka B. Jafnframt skal geta um eldri réttindareglur sem sjóðfélagar kunna að eiga réttindi samkvæmt í viðauka C.

- 17.9 Þar sem samþykktir þessar tilgreina fjárhæðir í krónum talið, miðast verðgildi þeirra við gildi vísitölu neysluverðs 230 nema annað sé tekið fram í viðkomandi grein. Skulu fjárhæðir endurreiknaðar mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni.

## VII. Kafli

### Lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur í tryggingadeild

#### 18. Eftirlaun.

- 18.1 Sjóðfélagi á aldrinum 60 til 75 ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 17. grein, á rétt á ævilöngum eftirlaunum í samræmi við stöðu réttindasjóðs hans, skv. gr. 17.2 og töflu II í viðauka A, við töku eftirlaunanna. Við úrskurð skal miða við mánaðarleg gildi töflunnar. Við töku eftirlauna ráðstafar sjóðfélagi réttindasjóði sínum endanlega, sbr. þó ákvæði greinar 18.6.
- 18.2 Við úrskurð eftirlauna innan ársins, skal taka mið af stöðu réttindasjóðs sjóðfélaga miðað við síðustu áramót að viðbættum breytingum á liðum a-e í grein 17.2. frá þeim tíma.
- 18.3 Við töku eftirlauna fyrir 67 ára aldur ráðstafar sjóðfélagi eftirlauna og örorkulífeyrisréttindum sínum endanlega og á því ekki sjálfstæðan rétt til örorkulífeyris eftir það. Hafi hann áunnið sér viðbótarrétt til eftirlauna með iðgjaldsgreiðslum eftir að hann hóf töku lífeyris skal endurúrskurða honum eftirlaun þegar hann hefur náð 67 ára aldri eða hafi hann misst starfsorku sem nemur 50% eða meira. Skal þá bætt við þeim eftirlaunarétti sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér með söfnun í réttindasjóð eftir að hann hóf töku eftirlauna. Réttindin veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 20. greinar.
- 18.4 Eftirlaunaréttindi sem sjóðfélagar afla sér með greiðslu iðgjalda eftir 67 ára aldur koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri tilkynningu sjóðfélaga. Greiða skal þó eftirlaun eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn án sérstakrar tilkynningar frá sjóðfélaga. Vilji sjóðfélagi fresta töku eftirlauna lengur en til 70 ára aldurs þarf hann að sækja um það sérstaklega. Við 70 ára aldur skal endurskoða lífeyri sjóðfélaga, sem hafið hefur töku lífeyris við 67 ára aldur eða síðar, án sérstakrar tilkynningar. Skal þá bætt við þeim lífeyrisrétti sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér með söfnun í réttindasjóð eftir að hann hóf töku lífeyris. Réttindin veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 20. greinar.
- 18.5 Sjóðfélagi getur ákveðið að hefja töku eftirlauna í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta

eftirlaunaréttinda sinna sbr. gr. 18.3 Sjóðfélagi sem hafið hefur töku eftirlauna að hluta eða að fullu fyrir 67 ára aldur getur hætt tökunni og hafið hana á ný síðar og fer þá um úrskurð að nýju í samræmi við ákvæði greinar 18.1 að frádregnum þeim réttindum sem sjóðfélaginn hefur þegar nýtt með töku eftirlauna. Sjóðfélagi er bundinn við val sitt um töku eftirlauna í minnst 12 mánuði í senn.

18.6 Eftirlaun eru greidd út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Mánaðarleg eftirlaun eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Réttur til eftirlauna fellur niður við andlát .

18.7 Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta eftirlaunaréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að:

a. Áður en lífeyristaka hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, þannig að verðmæti uppsafnaðra eftirlaunaréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð eftirlaunaréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.

b. Þannig að iðgjald vegna hans, sem gengur til að mynda eftirlaunaréttindi, skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð eftirlaunaréttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til eftirlauna skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagans hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu. Örorku- og makalífeyrisréttindi sjóðfélagans taka eftir sem áður mið af óskiptum iðgjaldsstofni. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.

## **19. Endurhæfingar- og örorkulífeyrir.**

19.1 Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% örorku eða meira til almennra starfa á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við stöðu réttindasjóðs skv. 17. gr. og töflu III í viðauka A og nánari skilmála þessa kafla. Örorkulífeyrir sem úrskurðaður er í samræmi við ákvæði 19.3 kallast endurhæfingarlífeyrir á meðan á endurhæfingartímabili stendur. Um hann gilda að öðru leyti sömu ákvæði og um örorkulífeyri skv. greinum þessa kafla. Auk áunninna réttinda skv. framanskráðu á sjóðfélagi rétt á örorkulífeyri miðað við framreikning á því, hvað ætla má að hefðu orðið réttindi hans við áframhaldandi iðgjaldsgreiðslur skv. nánari skilmálum þessa kafla. Skilyrði framreikningsréttar eru að sjóðfélaginn hafi:

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og a.m.k. kr. 60.000 hvert þessara þriggja ára. Hafi sjóðfélagi unnið reglubundið hlustar á tímabilinu skal miða við að lágmarksiðgjald hafi verið a.m.k. kr. 40.000.

b. greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum.

c. orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

d. ekki sjálfur átt sök á orkutapi vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldsgreiðslur til sjóðsins á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hafi til orkutapsins.

19.2. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt skilyrði gr. 19.1 um iðgjaldsgreiðslutíma er sjóðstjórn heimilt að stytta áskilinn tíma í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap. Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði allt að 24 mánuði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eftir sex mánuði frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.

19.3 Við mat á umsókn um örorkulífeyri skal horft til þess hvernig styðja megi sjóðfélagann til endurhæfingar, þannig að hann öðlist á ný færni til að sinna tekjuskapandi verkefnum í samræmi við starfsgetu sína og hæfni. Skal trúnaðarlæknir sjóðsins, eða eftir atvikum annar sérfróður þjónustuaðili sem sjóðurinn velur, leggja mat á það hvort líklegt sé að skipulögð starfsendurhæfing muni skila árangri og hvort sjóðfélaginn geti náð starfsorku á ný með rétttri endurhæfingu og þá að hve miklu leyti í hundraðshlutum talið. Skal þá gera áætlun um endurhæfinguna og umfang hennar. Skal sjóðurinn þá úrskurða umsækjanda endurhæfingarlífeyrir, jafnháan örorkulífeyri sem hann á rétt á eftir ákvæðum þessa kafla samþykka sjóðsins. Sé endurhæfingarlífeyrir úrskurðaður skal hann ákveðinn fyrir minnst sex mánuði í senn og í allt að þrjú ár samfelld hafi endurhæfing ekki borið tilætlaðan árangur fyrr. Ef sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja tíma endurhæfingar allt að tveimur árum, telji sjóðurinn að fengnu álitu trúnaðarlæknis að enn sé framfara að vænta við áframhaldandi endurhæfingu.

Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis eða fagaðila að setja það skilyrði fyrir greiðslu endurhæfingarlífeyris, að sjóðfélagi fari í ráðlagða endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans, enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til boða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana. Endurmat á orkutapi skal fara fram eftir því sem árangur af endurhæfingunni gefur tilefni til. Telji sjóðurinn að fengnu álitu trúnaðarlæknis að þess sé ekki að vænta að orkutap sjóðfélaga gangi svo til baka að hann fái öðlast starfsgetu á ný, að hluta eða öllu leyti, skal úrskurða honum örorkulífeyri í stað endurhæfingarlífeyris. Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða lífeyrisþega sem tekur þátt í endurhæfingu allt að óbreyttum endurhæfingarlífeyri á þeim tíma sem endurhæfing í samræmi við ákvæði þessarar greinar stendur, þrátt fyrir ákvæði 19.4 um tekjuathuganir og 19.12 um breytingar á orkutapi. Sjóðurinn getur krafist þess að sjóðfélagi leggi fram með reglulegu millibili vottorð lækna og/eða annarra meðferðaraðila um þátttöku í endurhæfingu. Synji sjóðfélagi þátttöku í endurhæfingu, sinni



henni ekki með fullnægjandi hætti þannig að hún sé í samræmi við endurhæfingaráætlun eða leggi ekki fram tilskilin vottorð er sjóðnum heimilt að skerða eða fella niður lífeyrisgreiðslur til sjóðfélagsins framvegis þannig að þær reiknist út frá þeirri forsendu að sjóðfélaginn hefði náð öllum þeim bata, sem endurhæfingaráætlunin gerði frekast ráð fyrir. Örorkulífeyrir verður því aðeins úrskurðaður að endurhæfing sé ekki líkleg til að skila aukinni starfsgetu að mati trúnaðarlæknis sjóðsins.

19.4. Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 21 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal leggja til grundvallar meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið, svo kallaðar viðmiðunartekjur, sbr. a) lið gr. 19.6. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga sem fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyri fyrir 1. janúar 2007 sbr. einnig a) lið gr. 19.6. Í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða heildartekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Tekjumissir telst mismunur viðmiðunartekna annars vegar og heildartekna eftir að örorka hefur verið metin þar með taldar tekjur af lífeyris- og bótagreiðslum frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum og kjarsamningsbundnum tryggingabótum vegna örorkunnar. Viðmiðunartekjur samkvæmt þessari grein eru heildartekjur sjóðfélaga framreiknaðar með vísitölu neysliverðs. Sé þetta fjögurra ára meðaltal sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla er sjóðsstjórn heimilt að leggja til grundvallar meðaltal tekna allt að 8 ár aftur í tímann í samræmi við reglu í a.lið gr. 19.6. Samanburður á tekjum örorkulífeyrisþega við viðmiðunartekjur skal fara fram árlega eða oftár. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað þ.m.t. að heimila aðgang sjóðsins að staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra á hverjum tíma, á rafrænu formi. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar. Veiti sjóðfélagi rangar eða villandi upplýsingar um tekjur sínar þ.m.t. vegna tekna sem ekki hafa verið gefnar upp til ríkisskattstjóra, er heimilt að skerða eða fella niður lífeyri til viðkomandi sjóðfélaga.

19.5. Þegar skilyrði 19.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt miðað við réttindasjóð samkvæmt gr. 19.1 að viðbættum lífeyri sem svarar til þeirra réttinda sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér með iðgjaldsgreiðslum fram til 65 ára aldurs, reiknað samkvæmt grein 19.6 og töflu IV í viðauka A. Framreikningur skv. 19.6 er misjafn eftir aðstæðum sjóðfélaga, en sjóðfélagar sem búa við sambærilegar aðstæður fá þó ávallt sambærilegan framreikning.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs sbr. þó ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða. Eigi sjóðfélagi rétt til framreiknings skal lífeyrissjóðurinn samhliða greiðslu lífeyris skrá framlag til réttindasjóðs sjóðfélaga í samræmi við það iðgjald sem lagt er til grundvallar framreikningi, eftir ákvæðum greina

19.6 og 19.8 og töflu I í viðauka A. Framlagið tekur mið af örorkuhlutfalli og hlutdeild sjóðs í framreikningi ef um skiptan framreikning milli sjóða er að ræða. Framlagið tekur sömu breytingum og greiðsla örorkulífeyris.

19.6. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt á framreikningi réttinda samkvæmt gr. 19.5., skal um framreikninginn fara skv. staflidum a-e þessarar greinar, eftir því sem við á í tilviki hvers sjóðfélaga fyrir sig:

a. Reglubundnar iðgjaldagreiðslur.

Hafi iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs og/eða annarra lífeyrissjóða verið reglubundnar skal framreikna með því leggja til grundvallar reiknað meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið til að meta tekjutap vegna ókomins tíma skv.gr. 19.5. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu IV í viðauka A. Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 320.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 320.000 í árlegt iðgjald. Þessar takmarkanir á fjárhæðum vegna framreiknings eiga við um allar tegundir framreiknings skv. grein þessari (liðir a-e).

b. Breyttar forsendur vegna breytinga á starfi.

Hafi sjóðfélagi fyrir orkutapið látið af því starfi sem iðgjöld hans byggðu á, þannig að tekjusaga fortíðar þyki að mati sjóðstjórnar ekki gefa trúverðuga vísbendingu um tekjutap hans í framtíðinni, er sjóðstjórn heimilt að leggja til grundvallar mati á tekjutapi skv. gr. 19.5. áætlaðar framtíðartekjur umsækjanda í nýju starfi að hálfu leyti á móti útreikningi skv. a. lið, sem hafi þá 50% vægi við útreikning á tekjuviðmiði til framreiknings.

c. Stopular iðgjaldagreiðslur.

Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið lægri en svaraði til kr. 42.000 iðgjalds fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og skal þá framreikningstími, til að meta tekjutap skv. gr. 19.4, stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árlegar iðgjaldagreiðslur hafa verið lægri en kr. 42.000 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóðsins.

- d. Skert starfsorka fyrir greiðslu iðgjalda til sjóðsins.  
Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal, til að meta réttindi vegna ókomins tíma skv. 19.5, reikna meðaltal iðgjalda hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal þá miða framreikning við þetta meðaltal.
- e. Sjúkdómar sem til staðar voru við greiðslu iðgjalds.  
Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann, að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs, er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma, er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð réttindi, til að meta tekjutap skv. 19.5, aldrei reiknast meiri en þau réttindi sem sjóðfélaginn hafði áunnið sér í lífeyrissjóðnum fram að orkutapi. Við mat á sjúkdómum í þessu sambandi skal miðað við breiða flokkun sjúkdóma (yfirflokka).
- 19.7 Greiði sjóðfélagi iðgjald eftir að hann hefur verið úrskurðaður öryrki og á sama tíma og örorkan varir, hvort heldur er hjá þessum lífeyrissjóði, öðrum lífeyrissjóði eða Tryggingastofnun ríkisins, mynda slík iðgjöld ekki réttindi til örorkulífeyris, nema hlutfallslega að því marki sem úrskurðað orkutap viðkomandi sjóðfélagi var lægra en 100%, enda sé tilefni örorku annað en við fyrri úrskurð. Í þeim tilfellum þegar um sama tilefni örorku er að ræða mynda téð iðgjöld ekki réttindi til örorkulífeyris.
- 19.8. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið sbr. þó 19.1.
- 19.9. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjú mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap varir skemur en í sex mánuði.
- 19.10. Hundradshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann í samræmi við reglur um örorkumat sbr. gr. 19.11. Mat á missi starfsorku er læknisfræðilegt mat og skal miðast við þær heilsufarslegu breytingar sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir eftir að hann hóf iðgjaldsgreiðslur til sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd, enda sé metin örorka til almennra starfa 50% eða meiri. Eftir fyrstu 3 árin skal orkutap metið á ný og þá alfarið með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu. Orkutap skal síðan endurmetið eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til. Skert starfsorka sem til er komin áður en sjóðfélaginn hóf greiðslur til sjóðsins myndar ekki rétt til örorkulífeyris frá sjóðnum jafnvel þótt sjóðfélagi hafi ekki notið örorkubóta vegna hennar.
- 19.11 Örorkumat skal framkvæmt af trúnaðarlækni sjóðsins, tryggingalækni eða teymi sérfræðinga sem hefur fagþekkingu á þessu sviði. Örorkumat skal miðast við læknisfræðilegar forsendur og fylgja reglum um örorkumat sem settar hafa verið. Við mat á orkutapi skal sérstaklega líta til þess hver starfshæfni og

vinnugeta viðkomandi umsækjanda er og möguleikar hans til að ná aftur bata og starfsgetu með réttri endurhæfingu

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins eða öðrum lækni eða heilbrigðisstarfsmanni sem hann vísar til. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá og telst hún þá úr gildi fallin. Sama gildir ef fullnægjandi upplýsingum er ekki skilað við endurmat á örorku sbr. gr.19.10. Skili sjóðfélagi inn fullnægjandi gögnum, eftir að réttur hans til greiðslu hefur fallið niður vegna þess að gögnum var ekki skilað inn fyrir réttan tíma, fær hann að nýju rétt frá þeim tíma til að fá greiðslur, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Heimilt er sjóðnum í því tilviki að greiða sem nemur greiðslum allt að 9 mánuðum aftur í tímann.

19.12. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

19.13. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur og eins ef starfsorka eykst eða tekjur aukast þannig að skilyrðum gr. 19.1. er ekki lengur fullnægt. Við 67 ára aldur skal sjóðfélaga úrskurðuð eftirlaun í samræmi við stöðu réttindasjóðs og töflu II í viðauka A.

Til frádráttar eftirlaunum sjóðfélaga, þannig reiknuðum, skal síðan koma þau eftirlaun, sem hann hefur afsalað sér samkvæmt greinum 16.1 og 18.7.

## **20. Makalífeyrir.**

20.1 Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur til tryggingadeildar sjóðsins og uppfyllir a.m.k. eitt eftirtalinna skilyrða:

- a. naut eftirlauna eða örorkulífeyris úr tryggingadeild sjóðsins
- b. hafði greitt til tryggingadeildar sjóðsins a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum
- c. hafði greitt til tryggingadeildar sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum

og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum meðan skilyrði 20.3, 20.4, eða 20.5 eru uppfyllt.

20.2 Fullur makalífeyrir skal alltaf greiddur í 36 mánuði og að hálfu í 24 mánuði til viðbótar, þótt ekki sé fullnægt ákvæðum 20.3, 20.4 eða 20.5, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlátið.

- 20.3 Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 20 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 20 ára aldri yngsta barnsins. Sama gildir ef makinn hefur á framfæri sínu barn sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu. Kjörbarn veitir sama rétt.
- 20.4 Sé maki sjóðfélaga að minnsta kosti 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, þó ekki lengur en til 67 ára aldurs, enda sé eftirlifandi maki yngri en 65 ára við andlát sjóðfélaga.
- 20.5 Makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af eftirlauna eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagans, hvort sem gefur hærri rétt við fráfall. Hér er miðað við öll eftirlaunaréttindi, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér og því ekki dregin frá þau réttindi, sem hann kann að hafa afsalað sér samkvæmt gr. 18.7 (um skiptingu eftirlaunaréttinda). Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Áunnin réttindi makalífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna:
- framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta makalífeyris af hámarksmakalífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
  - aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka makalífeyris hófst.
  - hafi hinn látni notið örorkulífeyris frá sjóðnum bætast einnig við réttindi sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.
- 20.6 Maki sjóðfélaga samkvæmt þessari grein telst sá, eða sú sem var í hjúskap eða óvígðri sambúð, sem mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru í samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

## **21. Barnalífeyrir**

- 21.1 Nú andast sjóðfélagi og eiga þá börn hans og kjörbörn yngri en 18 ára rétt til barnalífeyris úr sjóðnum eins og nánar er kveðið á um í þessum kafla, enda hafi hinn látni
- greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir andlátið eða 6 mánuði af undanfarandi 12 eða
  - notið eftirlauna eða örorkulífeyris úr sjóðnum sem svarar til minnst 10.000 kr. á mánuði.

Við mat á því hvort framangreindum skilyrðum er fullnægt er sjóðstjórn rétt að hafa hliðsjón af efnisreglu greinar 19.2. Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, fyrir andlát eiga einnig rétt

til barnalífeyris úr sjóðunum. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins til slíkra barna vera hinar sömu og vera myndu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða. Við ættleiðingu barns með erlent ríkisfang, sem búsett er erlendis, skulu tímamörk skv. þessum kafla miðast við útgáfudag gildandi viljrðis eða forsamþykkis dómsmálaráðuneytis í stað dagsetningar ættleiðingarleyfis. Barnalífeyrir greiðist til barns látins sjóðfélaga skv. nánari ákvæðum þessarar greinar.

- 21.2 Hafi sjóðfélagi á viðmiðunartímabili skv. 21.1 greitt iðgjald að meðaltali af mjög lágum iðgjaldsstofni, kr. 50.000 eða lægra, skal lækka barnalífeyri hlutfallslega þar til hann fellur niður hafi iðgjaldsstofn svarað til minna en helmings af ofangreindri viðmiðun.
- 21.3 Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 21.4 Barnalífeyrir sem greiddur er hverju barni látins sjóðfélaga er kr. 7.500 á mánuði. Fjárhæð þessi skal breytast í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Barnalífeyrir greiðist til 18 aldurs barnsins.
- 21.5 Barnalífeyrir einnig greiðist með börnum sjóðfélaga, sem nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, enda séu þau fædd eða ættleidd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Ef örorka sjóðfélaga er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái eftirlaunaaldri. Barnalífeyrir sem greiddur er með barn örorkulífeyrisþega greiðist til lífeyrisþegans skv. nánari ákvæðum þessarar greinar.
- 21.6 Lækka skal barnalífeyri hlutfallslega með börnum örorkulífeyrisþega séu réttindi þeirra svo takmörkuð að lífeyrir sé lægri en kr. 20.000 á mánuði og falla greiðslur barnalífeyris niður sé örorkulífeyrir sjóðfélaga minni en kr. 10.000 á mánuði.
- 21.7 Greiða skal barnalífeyri með fósturbörnum og stjúpörnum, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, fyrir orkutap. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera myndu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða. Við ættleiðingu barns með erlent ríkisfang, sem búsett er erlendis, skulu tímamörk skv. þessum kafla miðast við útgáfudag gildandi viljrðis eða forsamþykkis dómsmálaráðuneytis í stað dagsetningar ættleiðingarleyfis.
- 21.8 Fullur barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega er kr. 5.500 á mánuði. Fjárhæð þessi skal breytast í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Barnalífeyrir greiðist til 18 aldurs barnsins. Breyting á örorkulífeyri í eftirlaun hefur ekki áhrif á greiðslu barnalífeyris.

## **22. Iðgjaldagreiðslur falla niður.**

- 22.1 Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 22.2 Réttur til eftirlauna, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd réttindi sbr. þó 22.1.

## **23. Endurgreiðsla iðgjalda.**

- 23.1 Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda óski sjóðfélagi eftir slíkri endurgreiðslu, hún sé ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum, kostnað vegna tryggingaverndar sem sjóðfélaginn hefur notið og kostnað vegna umsýslu að mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Við endurgreiðslu til sjóðfélaga samkvæmt þessari grein falla niður allar kröfur viðkomandi sjóðfélaga á hendur sjóðnum vegna hinna endurgreiddu iðgjalda.
- 23.2 Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða sem náð hafa 70 ára aldri sbr. 16.1, og 17.4, skal hann endurgreiða viðkomandi sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldahluta þeirra og skapast þá ekki réttur hjá sjóðnum vegna þessara iðgjalda. Skal endurgreiðslan eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári, sbr. þó ákvæði gr. 23.3.
- 23.2 Heimilt er sjóðnum að leggja iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára inn á reikning í eigu viðkomandi sjóðfélaga í séreignardeild sjóðsins. Skal þá greiða bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda inn á reikning sjóðfélagans. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélaga um slíka ráðstöfun og er sjóðfélaganum þá heimilt að taka slíka greiðslu út úr séreignadeildinni í allt að 5 ár frá því slík ráðstöfun er gerð. Sé ekki sótt um slíka endurgreiðslu innan þess tíma fer um endurgreiðsluna eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar.

## **24. Réttindaflutningar, brottfall aðildar og samningar um gagnkvæm réttindi**

- 24.1 Sjóðnum er heimilt að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgja milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur. Aðild að tryggingadeild sjóðsins fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast skv. samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð. Telst sá sem réttindin átti þá ekki lengur til sjóðfélaga í sjóðnum, enda sé hann ekki aðili að öðrum deildum sjóðsins.

24.2 Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum samþykkt þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði.

## **25. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.**

- 25.1 Lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum eru ákvarðaðar á grundvelli tilkynningar sjóðfélaga eða umsóknar á umsóknareyðublöðum frá sjóðnum. Skylt er sjóðfélaga að láta sjóðnum í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ákvarða lífeyri í samræmi við réttindi sjóðfélagans samkvæmt samþykktum þessum. Láti sjóðfélagi sjóðnum ekki í té tilskildar upplýsingar er honum rétt að vísa umsókn frá og telst hún þá úr gildi fallin. Þá er lífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans. Þessi atriði skulu tiltekin í tilkynningu til lífeyrisþega um ákvörðun lífeyris og á lífeyrisyfirlitum.
- 25.2 Það getur varðað réttindamissi ef umsækjandi um lífeyri leggur vísitandi fram rangar upplýsingar, sem til þess eru fallnar að auka lífeyrisgreiðslur honum til handa umfram það sem hann á rétt á. Ennfremur ef lífeyrisþegi vísitandi leynir sjóðinn breytingum á aðstæðum, sem áhrif hafa á rétt til lífeyris.
- 25.3 Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftirá, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða áfallalífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum enda hafi umsóknin verið metin gild sbr. ákvæði gr. 25.1. Úrskurður skv. þessu skal miðast við réttindareglur eins og þær eru á þeim tíma sem umsókn er lögð inn til sjóðsins og greiðist lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir eða verðbætur greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur aftur í tímann. Lífeyrir skv. umsókn um töku ellilífeyris fyrir hinn almenna ellilífeyrisaldur sbr. gr. 18.3 greiðist þó fyrst frá upphafi þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.
- 25.4 Komi fram nýjar upplýsingar sem gera það að verkum að breyta þarf úrskurði aftur í tímann þannig að greiða þurfi lífeyrisþega hærrí lífeyri en ráð var fyrir gert skv. fyrri úrskurði skal greiða hinn leiðréttu lífeyri verðbættan skv. vísitölu neysliverðs til þess tíma er hann kemur til greiðslu. Ekki greiðast vextir á leiðréttar lífeyrisgreiðslur. Gildir þetta einnig um leiðréttingar sem eru tilkomnar vegna breytinga á úrskurði á grundvelli niðurstöðu gerðardóms í samræmi við ákvæði 8. greinar eða almennra dómstóla.
- 25.5 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna, sem nema skal jafnvirði réttindasjóðs sjóðfélagans, af hendi í einu lagi.



## VIII. Kafli

### Tryggingafræðilegar athuganir

#### 26. Tryggingafræðileg athugun.

- 26.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra réttinda sem sjóðurinn veitir, sbr. ákvæði greinar 2.3.. Athugun skal framkvæmd af tryggingastærðfræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu hina tryggingafræðilegu athugun.
- 26.2. Hrein eign lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af. Lífeyrisloforð sjóðsins um tryggingavernd til framtíðar eins og þau birtast í töflum I-V í viðauka A skulu árlega endurskoðuð og breytt ef tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins gefa tilefni til sbr. ákvæði 17. greinar. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á töflum I-V í viðauka A samkvæmt tillögum frá tryggingastærðfræðingi sjóðsins, án þess að leggja þær fyrir ársfund. Slíkar breytingar skulu taka mið af breytingum á tryggingafræðilegum forsendum, þar með talið breytingum á lífslíkum. Taka skal inn slíkar breytingar með reglulegu- millbili í samræmi við breytingar á reynslutölum þar að lútandi. Breytingar á töflu I í viðauka A sem fela í sér að aukið hlutfall iðgjalds fari til áfalltrygginga er þó ekki heimilt að gera nema með samþykki ársfundar. Um breytingar á áunnum réttindum fer að öðru leyti eftir ákvæðum gr. 26.3.
- 26.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri frávik eru á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga samkvæmt 26.2 en kveðið er á um í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 er stjórn sjóðsins skylt, í samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins, að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, að leggja til breytingar á áunnun lífeyrisréttindum sjóðfélaga, enda þótt minni munur sé á eignum og skuldbindingum en tilgreint er í ofangreindu lagaákvæði. Tillögurnar skulu afgreiddar af ársfundi sjóðsins.
- 26.4. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau réttindi, sem sjóðurinn hefur að markmiði að veita, sbr. grein 2.3. og skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð eða lokun sjóðsins.

Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.

## C. Séreignardeild

### IX. Kafli

#### Um aðild og iðgjöld

#### **27. Samningur um lífeyrissparnað, aðild og brottfall aðildar**

27.1 Þeir sem vilja greiða til séreignardeildarinnar skulu gera um það sérstakan samning við sjóðinn. Í samningnum skulu tilgreindir allir skilmálar er varða tryggingarverndina, sem og yfirlýsing þess efnis að þeir hlíti samþykktum sjóðsins. Samningarnir skulu gerðir í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 og reglugerðar nr. 698/1998.

27.2 Einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til séreignardeildar Stapa lífeyrissjóðs telst til rétthafa skv. ákvæðum þeim er gilda um deildina.

27.3 Rétthöfum er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innistæðu eða réttindum skv. samningi um lífeyrissparnað. Þó er heimilt að gera samkomulag skv. 1.-3. tl. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skiptingu réttindanna milli rétthafa og maka hans.

27.4 Samningi er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara. Uppsögn samnings um séreignarsparnað eða viðbótartryggingavernd veitir ekki rétt til útborgunar innistæðu eða réttinda.

27.5 Rétthafa er heimilt að flytja inneign sína eða réttindin sín, að undangenginni uppsögn samnings milli vörsluaðila gegn greiðslu þess kostnaðar, sem sjóðurinn áskilur sér vegna flutningsins. Flutningur takmarkast við þá sem geta boðið upp á samning um viðbótartryggingarvernd sbr. 3. mgr. 8.gr. laga nr. 129/1997.

27.6 Greiði sá sem segir upp samningi, ekki til tryggingadeildar sjóðsins vegna lágmarkstryggingaverndar, tekur uppsögn samnings ekki gildi fyrr en sá sem segir upp samningi hefur sannanlega tilkynnt hana til þess lífeyrissjóðs, sem veitir iðgjaldi hans til lágmarkstryggingaverndar móttöku, enda varðar samningurinn ráðstöfun á lágmarksiðgjaldi skv. 2. gr. I. nr. 129/1997.

27.7 Samningur fellur úr gildi ef rétthafi hættir starfi sem er forsenda fyrir greiðslu hans til séreignardeildar Stapa lífeyrissjóðs nema hann óski þess að halda áfram að greiða til séreignardeildarinnar

#### **28. Iðgjöld**

28.1 Sjóðfélögum sem greiða til tryggingadeildar er heimilt að greiða í séreignardeild iðgjald, sem er umfram lágmarksiðgjald skv. gr. 16.1. Kallast það iðgjald til viðbótartryggingarverndar. Jafnframt er séreignardeildinni heimilt að taka við iðgjöldum til viðbótartryggingarverndar frá einstaklingum sem kaupa lágmarkstryggingarvernd hjá öðrum lífeyrissjóði og séreignarluta lágmarksiðgjalds hjá einstaklingum, þar sem lágmarkstryggingarvernd er sett saman úr séreign og tryggingum í samræmi við ákvæði laga 129/1997.

- 28.2 Launagreiðandi skal halda eftir iðgjaldi launamanns, í samræmi við samning um lífeyrissparnað og skila því ásamt eigin mótframlagi til sjóðsins. Greiðslur skulu hefjast eigi síðar en 2 mánuðum eftir undirritun samnings þessa. Greiðslutímabil hvers innleggs skal eigi vera lengra en 1 mánuður og skal gjalddagi vera 10. dagur næsta mánaðar eftir launamánuð. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar.
- 28.3 Iðgjöld sem rétthafi skal sjálfur standa skil á vegna eigin starfsemi, skulu greidd með sama hætti, nema öðru vísi sé ákveðið í sparnaðarsamningi aðila.
- 28.4 Eigi sjaldnar en tvisvar á ári skal senda greiðandi rétthöfum yfirlit yfir greidd iðgjöld og ávöxtun þeirra.
- 28.5 Lendi iðgjöld, skv. gildandi sparnaðarsamningum í vanskilum skulu þau innheimt hjá launagreiðanda með sama hætti og iðgjöld til tryggingadeildar sjóðsins og gilda ákvæði greina 16.8 og 16.9 einnig um innheimtu iðgjalda til séreignardeildar. Iðgjöld sem greidd eru eftir eindaga skulu greiddast með vanskilavöxtum frá gjalddaga að telja.

## X. Kafli

### Lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur í séreignardeild

#### 29. Lífeyrisréttindi

- 29.1 Við framlag í séreignardeild skulu réttindi hvers og eins myndast í samræmi við greiðslur hans. Lífeyrisréttindi miðast við innborguð iðgjöld og ávöxtun þeirra. Réttindi vegna greiðslna miðast við greiðsludag.
- 29.2 Færður skal sérreikningur fyrir iðgjald hvers rétthafa í séreignardeild. Heimilt er að bjóða upp á mismunandi verðbréfasöfn, sem rétthafar geta valið á milli. Sé boðið upp á mismunandi verðbréfasöfn, skal tilgreina það safn, sem valið er á samningi rétthafa um séreignarsparnað. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu fyrir þau söfn, sem sjóðurinn býður og skal hún vera innan þeirra marka, sem ákveðin eru í 6. grein. Auk iðgjalds rétthafa skal færa á sérreikning hans vexti í samræmi við ávöxtun þess safns sem hann hefur valið að frádregnum kostnaði við umsýslu og rekstur deildarinnar.
- 29.3 Lífeyrissjóðnum er heimilt að fenginni skriflegri beiðni viðkomandi sjóðfélaga að draga frá inngreiddum iðgjöldum hans upphæð, sem svarar til iðgjalds vegna líf- og heilsutryggingar. Sjóðurinn skal eiga aðild að samningi um kaup á slíkum tryggingum. Bætur skv. slíkum tryggingum skulu greiddar inn á séreignarreikning viðkomandi rétthafa. Um útborgun gilda ákvæði II. kafla laga nr. 129/1997.

#### 30. Lífeyrisgreiðslur

- 30.1 Hefja má úttekt á innistæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, en þó

aldrei fyrr en rétthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum skv. greinum 30.2, 30.3 eða 30.4.

- 30.2 Rétthafi, sem orðinn er fullra 60 ára á rétt á að fá inneign sína greidda út.
- 30.3 Verði rétthafi fyrir orkutapi sem metið er 100%, á hann rétt á að fá inneign sína greidda út með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum eða þeim tíma sem vantar uppá að 60 ára aldur. Nú er örorka metinn lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentu og úttektartíminn lengist samsvarandi.
- 30.4 Við andlát rétthafa, fellur inneign hans í séreignardeildinni til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga.

Samþykkt á ársfundi sjóðsins 4. maí 2016.

Breytingar á orðalagi samþykktar á fundum stjórnar 7. - 8. nóvember 2016 og 24. febrúar 2017 vegna athugasemda frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Breytingarnar leiða af lögum.

## VIÐAUKI A

Tafla I Skipting á iðgjaldi til uppsöfnunar eftirlaunaréttinda annars vegar og tryggingaverndar hins vegar. Taflan sýnir það hlutfall af iðgjaldi sem fer til tryggingaverndar sbr. gr. 17.1. Hinn hluti iðgjaldsins fer til uppsöfnunar eftirlaunaréttinda.

Aldur	Hlutfall	Aldur	Hlutfall	Aldur	Hlutfall	Aldur	Hlutfall	Aldur	Hlutfall
16	36,5%	27	41,1%	38	36,9%	49	27,9%	60	13,7%
17	37,3%	28	41,0%	39	36,2%	50	27,0%	61	11,7%
18	38,1%	29	40,9%	40	35,4%	51	26,1%	62	9,5%
19	38,8%	30	40,7%	41	34,6%	52	25,1%	63	7,1%
20	39,4%	31	40,4%	42	33,8%	53	24,0%	64	4,7%
21	39,9%	32	40,1%	43	33,0%	54	22,9%	65	3,3%
22	40,2%	33	39,7%	44	32,2%	55	21,7%	66	3,0%
23	40,6%	34	39,2%	45	31,4%	56	20,4%		
24	40,8%	35	38,7%	46	30,5%	57	19,0%		
25	40,9%	36	38,2%	47	29,7%	58	17,4%		
26	41,0%	37	37,5%	48	28,8%	59	15,6%		

TAFLA II Breyting á réttindasjóði í eftirlaun. Taflan sýnir hvernig hverjum 100.000 kr. í réttindasjóði er breytt í mánaðarleg eftirlaun miðað við aldur sjóðfélaga við töku eftirlauna. Við úrskurð á eftirlaunum skal miða við mánaðargildi. Mánaðargildi eru fundin með því að brúa línulega milli ársgilda töflunnar.

Aldur	Eftirlaun	Aldur	Eftirlaun	Aldur	Eftirlaun
60	532	66	629	71	750
61	545	67	650	72	781
62	560	68	672	73	814
63	575	69	696	74	850
64	592	70	722	75	889
65	610				

**TAFLA III Breyting á réttindasjóði í örorkulífeyri. Taflan sýnir hvaða mánaðarlegan örorkulífeyri sjóðfélagi færi fyrir hverjar 100.000 kr. í réttindasjóði. Við úrskurð á lífeyri skal miða við mánaðargildi. Mánaðargildi eru fundin með því að brúa línulega milli árgilda töflunnar.**

Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir
16	4.119	27	2.809	38	1.912	49	1.294	60	857
17	3.979	28	2.713	39	1.846	50	1.248	61	824
18	3.843	29	2.620	40	1.782	51	1.203	62	792
19	3.711	30	2.530	41	1.720	52	1.160	63	760
20	3.584	31	2.443	42	1.661	53	1.118	64	729
21	3.462	32	2.359	43	1.603	54	1.078	65	698
22	3.343	33	2.278	44	1.547	55	1.038	66	669
23	3.229	34	2.200	45	1.493	56	1.000		
24	3.119	35	2.124	46	1.441	57	963		
25	3.012	36	2.051	47	1.390	58	927		
26	2.909	37	1.980	48	1.341	59	892		

**TAFLA IV. Réttindatafla vegna framreiknings í örorku- og makalífeyri. Taflan sýnir rétt til mánaðarlegs lífeyris miðað við hvert 10.000 kr. mánaðarlegt iðgjald sem lagt er til grundvallar framreikningi.**

Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir
16	71.454	26	47.277	36	30.599	46	17.786	56	7.589
17	68.513	27	45.358	37	29.178	47	16.658	57	6.686
18	65.710	28	43.505	38	27.792	48	15.556	58	5.802
19	63.041	29	41.714	39	26.438	49	14.479	59	4.933
20	60.493	30	39.981	40	25.116	50	13.426	60	4.078
21	58.056	31	38.302	41	23.824	51	12.398	61	3.238
22	55.723	32	36.673	42	22.561	52	11.393	62	2.410
23	53.485	33	35.091	43	21.327	53	10.410	63	1.595
24	51.335	34	33.554	44	20.120	54	9.449	64	791
25	49.268	35	32.057	45	18.939	55	8.509		

**Tafla V** Réttur til jöfnunariðgalds þeirra sem fengið fengið hafa úrskurðað viðmiðunariðgjald. Taflan sýnir rétt til jöfnunariðgalds sem hlutfall (%) af greiddu iðgjaldi mv. 10% iðgjald eða viðmiðunariðgjaldi hvort heldur sem lægra er.

Aldur	%	Aldur	%	Aldur	%	Aldur	%
36	-13,3%	44	4,4%	52	25,4%	60	46,6%
37	-11,1%	45	6,8%	53	28,2%	61	48,8%
38	-9,0%	46	9,2%	54	31,0%	62	51,1%
39	-6,8%	47	11,8%	55	33,8%	63	53,3%
40	-4,6%	48	14,4%	56	36,6%	64	55,7%
41	-2,4%	49	17,1%	57	39,2%	65	60,0%
42	-0,2%	50	19,8%	58	41,8%	66	67,1%
43	2,1%	51	22,6%	59	44,2%		

## Viðauki B

i) Áunnin réttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Norðurlands voru hækkuð um 2,75% með samþykkt stjórnar sjóðsins þann 9. mars 2007. Hækkunin var gerð til að samræma réttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Norðurlands og Lífeyrissjóðs Austurlands vegna sameiningar sjóðanna.

ii) Eftir ársfund 2011 voru gerðar eftirfarandi breytingar á réttindum:

Áunnin réttindi voru lækkuð um 6%. Miðað var við réttindi, vegna iðgjalda ársins 2010 og eldri.

Framtíðarréttindi voru lækkuð þannig að framtíðareignir og skuldbindingar stóðust á , sem nam lækkun um 7,9% af framtíðarskuldbindingum. Framtíðar framlag til jöfnunar á örorkubyrði var núvirt, sem hækkaði framtíðaeignir um 6%. Sama hækkun var gerð á framtíðarréttindum. Ofangreindar aðgerðir jafngilda 2,5% lækkun framtíðarskuldbindinga mv. stöðuna eins og hún var fyrir aðgerðir.

Ofangreindar breytingar skulu taka gildi frá upphafi næsta mánaðar eftir að samþykktirnar hafa verið staðfestar af Fjármálaráðuneyti.

iii) Eftir ársfund 2012 voru gerðar eftirfarandi breytingar á réttindum:

Áunnin réttindi voru lækkuð um 7,5%. Miðað var við réttindi, vegna iðgjalda ársins 2011 og eldri.

Ofangreindar breytingar skulu taka gildi frá upphafi næsta mánaðar eftir að samþykktirnar hafa verið staðfestar af Fjármálaráðuneyti.

iv) Á ársfundi sjóðsins 2015 var ákveðið að taka upp nýtt réttindakerfi. Nýja kerfið byggir á því, að í stað þess að réttindi myndist miðað við ákveðna réttindatöflu, er iðgjaldi skipt í söfnunarpátt og tryggingarpátt. Söfnunarpáttur iðgjaldsins myndar réttindasjóð viðkomandi sjóðfélaga, sem ávaxtast í samræmi við ávöxtun á eignum sjóðsins. Réttindasjóðnum er breytt í eftirlaun við töku lífeyris, skv. tiltekinni töflu. Tryggingarpáttur iðgjaldsins stendur undir þeirri tryggingavernd sem sjóðurinn veitir í formi áfallatrygginga (örorku-, maka- og barnalífeyris). Óúrskurðuð réttindi skv. eldra kerfi voru umreiknuð í réttindasjóði þeirra sjóðfélaga, sem réttindi áttu í sjóðnum 31.12.2015 á þann hátt að hlutdeild þeirra í eignum sjóðsins (þ.e. réttindasjóður) á þeim tíma er sú sama og hlutdeild þeirra í áföllnum óúrskurðuðum réttindum, miðað við eldra kerfi, var 31.12.2015. Breytingin hefur ekki áhrif á hlutfallslegan rétt sjóðfélaga vegna áfallinnar tryggingafræðilegrar stöðu, en í stað tilgreindra lífeyrisréttinda í krónum kemur réttindasjóður í krónum sem breytt verður í lífeyri við töku lífeyris.



## Viðauki C

Ákvæði úr eldri samþykktum sem sjóðfélagar geta átt réttindi samkvæmt. Greinarnúmer hér að neðan eru þau sömu og voru í téðum samþykktum:

*Eldri ákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs Norðurlands frá 1. maí 2003*

- 20.3 Hafi eftirlifandi maki náð 50 ára aldri við fráfall sjóðfélaga, skal hann eiga rétt á 50% makalífeyri til 67 ára aldurs, enda séu ákvæði greinar 20.1\*) uppfyllt.  
\*) Sömu ákvæði og nú eru í grein 20.1
- 20.4 Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Sama gildir ef makinn hefur á framfæri sínu barn sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu. Kjörbarn veitir sama rétt.

*Eldri ákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs Austurlands frá júlí 2003.*

- 86.gr. Skilyrði um aldur eftirlifandi barna. Réttur kjörbarna  
Láti sjóðfélagi eftir sig barn eða fleiri innan 18. ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 18 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn veitir sama rétt. Sama gildir ef makinn hefur á framfæri sínu barn sem sjóðfélaginn hafði á framfæri sínu.
- 89.gr. Ævilangur makalífeyrir  
Ef maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1955 á hann rétt á ævilöngum makalífeyri. Makalífeyrir reiknast skv. 91. gr. \*\*), en lækkar um 2% fyrir hvert heilt ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935, 2% að auki fyrir hvert heilt ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940, 2% að auki fyrir hvert heilt á sem makinn er fæddur fyrir 1. janúar 1945 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur fyrir 1. janúar 1950. Skerðing innan fæðingarárs reiknast hlutfallslega út frá dagafjölda fram að fæðingardegi miðað við dagafjölda ársins. Ákvæði skv. 86-88.gr. um makalífeyri gilda þó meðan þau eru hagstæðari fyrir makann.  
\*\*) Almenn ákvæði um makalífeyri. Sambærileg ákvæðum sem nú er að finna í grein 20.5 í þessum samþykktum.

*Eldri ákvæði úr samþykktum Stapa lífeyrissjóðs frá 16. maí 2013*

- 17.3. Sjóðfélaga sem á réttindi í sjóðnum miðað við árslok 2004 er heimilt að greiða til hans iðgjöld allt að tilteknu hámarki með jafnri réttindaávinnslu í jafn marga mánuði og viðkomandi hafði greitt iðgjöld til sjóðsins fyrir 42 ára aldur í lok árs 2004. Hafi hann greitt iðgjöld í full 5 ár á umræddu tímabili á hann rétt á að greiða allt að viðmiðunariðgjaldi í jafnri ávinnslu til 67 ára aldurs. Þessi jafna ávinnsla miðast við meðaltal réttindaávinnslu aldursáranna 25 til og með 64 ára skv. töflu I í viðauka A, þar sem meðaltalið er birt sérstaklega. Hámarksíðgjald til jafnrar ávinnslu á hverju almanaksári, viðmiðunariðgjald, skal ákveðið fyrir hvern sjóðfélaga, sem er á aldrinum 25 til og með 66 ára, jafnhátt því iðgjaldi sem hann greiddi til sjóðsins á árinu 2003 eða síðasta árið sem iðgjald barst sjóðnum hans vegna, hafi það verið fyrr. Viðmiðunariðgjaldið skal þó ekki taka mið af iðgjaldsgreiðslum umfram 10% af iðgjaldsstofni. Hafi iðgjaldsgreiðslur það ár ekki endurspeglad venjubundnar greiðslur, s.s. vegna starfshléa eða að greiðslum hafi verið hætt á árinu, skal eftir umsókn sjóðfélaga miða útreikning á viðmiðunariðgjaldi við iðgjaldsgreiðslur næsta ár á undan sem stjórn sjóðsins telur gefa sanngjarna mynd af reglulegum iðgjaldsgreiðslum sjóðfélagens. Viðmiðunariðgjald skv. framanskráðu tekur breytingum í hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá viðmiðunarári til greiðsluárs hverju sinni.

- 17.4 Öll iðgjöld sem berast sjóðnum á ári hverju vegna sjóðfélaga sem er 25 ára eða eldri í árslok 2004 og hefur skilgreint viðmiðunariðgjald skv. framanskráðu, skulu færast í jafnri réttindaávinnslu allt þar til viðmiðunariðgjaldinu er náð eða útreiknuðu iðgjaldsgreiðslutímabili er lokið. Sjóðurinn skal sérstaklega gæta þess að réttindaávinnsla þeirra sem ekki eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu til 67 ára aldurs skv. 17.3 sé samkvæmt þeim ávinnslureglum er gefa meiri rétt á hlutaðeigandi tímabili. Iðgjald sem berst umfram framangreint viðmiðunariðgjald myndar réttindi samkvæmt aldursháðri réttindatöflu sjóðsins. Þegar öll iðgjöld ársins hafa borist vegna sjóðfélaga sem á skilgreint viðmiðunariðgjald skal skipta því á einstaka mánuði í sömu hlutföllum og þeim iðgjöldum sem hafa borist. Sá hluti iðgjalda sem er umfram viðmiðunariðgjaldið ávinnur honum réttindi skv. töflu I í viðauka A
- 17.6 Lífeyrissjóðurinn skal upplýsa sjóðfélaga um viðmiðunariðgjald til jafnrar réttindaávinnslu skv. framanskráðu innan sex mánaða frá því að hann greiðir fyrst til sjóðsins eftir 1. janúar 2007. Telji sjóðfélagi viðmiðunarárið ekki gefa sanngjarna mynd af venjubundnum iðgjaldsgreiðslum hans getur hann óskað eftir því við sjóðstjórn að annað ár verði lagt til grundvallar útreikningi viðmiðunariðgjalds. Ósk um endurskoðun viðmiðunariðgjalds skal berast sjóðnum í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að sjóðfélaginn fékk fyrst tilkynningu um viðmiðunariðgjald.
- 17.7 Ekki skal reikna viðmiðunariðgjald fyrir sjóðfélaga sem eru yngri en 25 ára eða eldri en 70 ára þann 1. júlí 2005. Sjóðfélagi getur hvenær sem er ákveðið að allt iðgjald hans færist til réttinda eftir aldursháðri réttindatöflu. Ákvörðun sjóðfélaga þar um öðlast gildi frá upphafi þess árs sem tilkynning hans berst sjóðnum og er sú ákvörðun óafturkræf. Réttur til jafnrar ávinnslu skv. ákvæðum þessa kafla telst frá gildistöku samþykka þessara eða frá þeim tíma er sjóðfélagi fyrst er heimilt að greiða til sjóðsins vegna launatekna af vinnu á starfssviði hans og fellur niður, sé hann ekki nýttur án eðlilegra skýringa að mati sjóðstjórnar.



**STAPI**  
LÍFEYRISSJÓÐUR